# Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar til 30. júní 2007

Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf.

Lágmúli 6

108 Reykjavík

kt. 691282-0829

# Efnisyfirlit


| | bls. | | bls. |
|---|---|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnenda á ársshlutareikninginn ..................................... | 3 | Eiginfjáryfirlit ............................................... | 7 |
| Áritun óháðra endurskoðenda .......................... | 4 | Yfirlit um sjóðstreymi .................................... | 7 |
| Rekstrarreikningur ........................................... | 5 | Skýringar ...................................................... | 8 |
| Efnahagsreikningur ......................................... | 6 | | |

# Skýrsla og áritun stjórnenda á árshlutareikninginn

Árshlutareikningur Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) um árshlutareikninga (IAS 34). Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. og dótturfélaga, saman vísað til sem bankinn.

Hagnaður varð af rekstri bankans á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2007, að fjárhæð 1.035 millj. kr. Eigið fé hans þann 30. júní nam 5.655 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé sem nam 1.097 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 14,0% hjá bankanum. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. staðfesta hér með árshlutareikning bankans fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2007.

**Stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Frjálsa Fjárfestingarbankans hf.

**Inngangur**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og dótturfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á árshlutareikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu árshlutareiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðgerðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að árshlutareikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í árshlutareikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á árshlutareikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu árshlutareiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðgerðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð árshlutareikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2007, efnahag hans 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 31. ágúst 2007.

***KPMG hf.***

# Rekstrarreikningur
## fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

| | Skýr. | 2007<br>1.1.-30.6. | 2006<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | | 3.429.725 | 2.746.549 |
| Vaxtagjöld | | (3.106.801) | (2.090.679) |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 322.924 | 655.870 |
| Þjónustutekjur | | 62.421 | 50.496 |
| Arðstekjur | 3 | 36.854 | 6.905 |
| Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum | | 1.031.787 | 121.743 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | 1.222 | 1.564 |
| Aðrar rekstrartekjur | 4 | 87.491 | 167.516 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 1.542.699 | 1.004.094 |
| Laun og launatengd gjöld | | (129.368) | (106.333) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (91.829) | (92.257) |
| Afskriftir | | (14.403) | (12.731) |
| Virðisrýrnun útlána | 10 | (52.687) | (87.075) |
| | | (288.287) | (298.396) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 1.254.412 | 705.698 |
| Tekjuskattur | | (219.152) | (125.774) |
| **Hagnaður tímabilsins tilheyrandi hluthöfum Frjálsa Fjárfestingarbankans hf.** | | 1.035.261 | 579.924 |
| Hagnaður á hlut | | 0,94 | 0,53 |

# Efnahagsreikningur

## 30. júní 2007

| | Skýr. | 30.6.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka | | 2.850 | 2.850 |
| Kröfur á lánastofnanir | 5-6 | 283.879 | 258.264 |
| Útlán til viðskiptavina | 7-10 | 57.307.164 | 53.036.169 |
| Veltufjáreignir | 11 | 2.548.195 | 0 |
| Fjáreignir á gangvirði | 12 | 1.286.509 | 212.877 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | | 86.992 | 89.002 |
| Óefnislegar eignir | | 13.112 | 13.020 |
| Rekstrarfjármunir | | 736.730 | 737.017 |
| Fastafjármunir til sölu | 13 | 211.114 | 20.192 |
| Skatteign | | 0 | 3.943 |
| Aðrar eignir | 14 | 600.322 | 958.767 |
| **Eignir samtals** | | 63.076.867 | 55.332.101 |
| **Skuldir** | | | |
| Veltufjárskuldir | | 0 | 203.269 |
| Lántökur | 15-16 | 56.852.898 | 50.183.035 |
| Skattskuldir | | 277.807 | 134.456 |
| Aðrar skuldir | | 291.084 | 191.524 |
| **Skuldir samtals** | | 57.421.789 | 50.712.284 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.096.702 | 1.096.702 |
| Yfirverðsreikningur | | 274.176 | 274.176 |
| Óráðstafað eigið fé | | 4.284.200 | 3.248.939 |
| **Eigið fé samtals** | 17 | 5.655.078 | 4.619.817 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 63.076.867 | 55.332.101 |

# Eiginfjáryfirlit

## fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

| | | **Eigið fé** | | |
|---|---|---|---|---|
| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Óráðstafað eigið fé | **Eigið fé samtals** |
| **Breytingar á eigin fé 1.1.-30.6.2007:** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2007 | 1.096.702 | 274.176 | 3.248.939 | 4.619.817 |
| Hagnaður tímabilsins | | | 1.035.261 | 1.035.261 |
| Eigið fé 30. júní 2007 | 1.096.702 | 274.176 | 4.284.200 | 5.655.078 |
| **Breytingar á eigin fé 1.1.-30.6.2006:** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2006 | 1.096.702 | 274.176 | 2.555.239 | 3.926.117 |
| Hagnaður tímabilsins | | | 579.924 | 579.924 |
| Eigið fé 30. júní 2006 | 1.096.702 | 274.176 | 3.135.163 | 4.506.041 |

# Yfirlit um sjóðstreymi

## fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

| | 2007<br>1.1.-30.6. | 2006<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Rekstrarhreyfingar | 413.681 | (1.251.882) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (6.445.788) | (11.088.909) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 6.057.722 | 12.312.268 |
| Breyting á handbæru fé | 25.615 | (28.523) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 258.264 | 166.170 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 283.879 | 137.647 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf. er starfandi og staðsettur á Íslandi. Árshlutareikningurinn fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 samanstendur af árshlutareikningum Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. og dótturfélaga, hér eftir saman vísað til sem bankinn. Þann 31. ágúst 2007 staðfesti stjórn bankans árshlutareikninginn.

### 1. Yfirlýsing um að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS) sé fylgt

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) IAS 34 um árshlutareikninga, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem ráð er gert fyrir í ársreikningi og skal ársreikningur bankans fyrir árið 2006 vera hafður til hliðsjónar.

### 2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir við árshlutareikninginn eru þær sömu og notaðar voru við gerð ársreiknings bankans fyrir árið 2006. Ársreikning bankans fyrir árið 2006 er hægt að nálgast í höfuðstöðvum hans, Lágmúla 6, Reykjavík eða á heimasíðu bankans: www.frjalsi.is.

## Arðstekjur

| 3. Arðstekjur greinast þannig: | 2007<br>1.1 - 30.6. | 2006<br>1.1 - 30.6. |
|---|---|---|
| Arðstekjur af fjáreignum á gangvirði | 36.854 | 6.905 |

## Aðrar rekstrartekjur

4. Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Hagnaður af sölu eigna | 31.524 | 130.357 |
| Leigutekjur | 22.907 | 19.547 |
| Aðrar rekstrartekjur | 33.060 | 17.612 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | 87.491 | 167.516 |

## Kröfur á lánastofnanir

| 5. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig eftir tegundum útlána: | 30.6.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Bankareikningar | 283.879 | 258.264 |

6. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 283.879 | 258.264 |

## Útlán og kröfur

7. Útlán til viðskiptavina greinast þannig eftir tegundum útlána:

| | | |
|---|---|---|
| Skuldabréf | 50.780.347 | 46.548.356 |
| Önnur lán | 6.908.991 | 6.819.777 |
| Útlán til viðskiptavina | 57.689.338 | 53.368.133 |
| Afskriftareikningur útlána í lok tímabils | (382.174) | (331.964) |
| **Útlán til viðskiptavina að teknu tilliti til afskriftareiknings** | 57.307.164 | 53.036.169 |

8. Útlán til viðskiptavina greinast þannig eftir lántakendum:

| | 30.6.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Atvinnugreinar: | | |
| Sjávarútvegur og landbúnaður | 0,4% | 0,4% |
| Iðnaður | 18,7% | 20,2% |
| Verslun | 1,7% | 1,8% |
| Þjónusta | 13,6% | 14,4% |
| Einstaklingar | 65,7% | 63,3% |
| **Útlán til viðskipavina** | 100,0% | 100,0% |

9. Útlán til viðskiptavina greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma án tillits til afskriftareiknings:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 377.997 | 327.702 |
| Allt að 3 mánuðir | 1.647.268 | 128.551 |
| 3 mánuðir til 1 ár | 4.941.174 | 8.650.268 |
| 1-5 ár | 3.737.222 | 3.602.045 |
| Yfir 5 ár | 46.985.677 | 40.659.567 |
| **Útlán til viðskiptavina** | 57.689.338 | 53.368.133 |

## Afskriftareikningur útlána

10. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:

| | 2007<br>1.1 - 30.6. | 2006<br>1.1 - 30.6. |
|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun | 331.964 | 357.558 |
| Virðisrýrnun útlána og krafna á tímabilinu | 52.687 | 87.075 |
| Endanlega töpuð útlán | (2.477) | (45.356) |
| Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins | 382.174 | 399.277 |

## Veltufjáreignir

11. Veltufjáreignir greinast þannig:

| | 30.6.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Afleiðusamningar | 2.548.195 | 0 |

## Fjáreignir á gangvirði

12. Fjáreignir á gangvirði greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Hlutabréf | 1.286.509 | 212.877 |
| **Fjáreignir á gangvirði** | 1.286.509 | 212.877 |

## Fastafjármunir til sölu

13. Fastafjármunir til sölu greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Fullnustueignir | 211.114 | 20.192 |

## Aðrar eignir

14. Aðrar eignir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Eignir í byggingu ætlaðar til sölu | 566.147 | 954.042 |
| Ýmsar eignir | 34.175 | 4.725 |
| **Aðrar eignir** | 600.322 | 958.767 |

## Lántaka

15. Lántaka greinist þannig:

| | 30.6.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Útgefin skuldabréf | 3.231.140 | 5.049.584 |
| Lán frá fjármálafyrirtækjum | 53.621.758 | 45.133.451 |
| **Lántaka** | 56.852.898 | 50.183.035 |

16. Lántaka greinist þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræft | 108.201 | 13.593 |
| Allt að 3 mánuðir | 2.164.267 | 1.679.815 |
| 3 mánuðir til 1 ár | 26.799.111 | 17.501.909 |
| 1 - 5 ár | 22.207.314 | 24.471.355 |
| Yfir 5 ár | 5.574.005 | 6.516.363 |
| **Lántaka** | 56.852.898 | 50.183.035 |

## Eigið fé

17. Eigið fé í lok tímabilsins nemur 5.655 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 14,0%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig:

| | 30.6.2007 | | 31.12.2006 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfærð staða | Vegin staða | Bókfærð staða | Vegin staða |
| Áhættugrunnur: | | | | |
| Bókfærðar eignir | 63.076.867 | 36.884.693 | 55.332.101 | 34.124.798 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | (545.304) | | (13.020) |
| Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings | | 179.856 | | 123.676 |
| | | 36.519.245 | | 34.235.454 |
| Eigið fé: | | | | |
| Eiginfjárþáttur A: | | | | |
| Bókfært eigið fé | | 5.655.078 | | 4.619.817 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | (545.304) | | (13.020) |
| | | 5.109.774 | | 4.606.797 |
| Eiginfjárhlutfall | | 14,0% | | 13,3% |

## Afleiðusamningar

18. Eftirstöðvar afleiðusamninga, greiðsluröð og bókfært verð þeirra greinast þannig:

| | Höfuðstóll allt að 3 mánuðir | Samtals | Bókfært Eignir | Bókfært Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| 30.6.2007 | | | | |
| Framvirkir gjaldmiðlasamningar | 21.207.851 | 21.207.851 | 2.548.195 | 0 |
| 31.12.2006 | | | | |
| Framvirkir gjaldmiðlasamningar | 15.561.163 | 15.561.163 | 0 | 203.269 |

Tilgangurinn með ofangreindum samningum er að stjórna gjaldmiðla- og vaxtaáhættu í bankanum. Útlánaáhættan er metin 180 millj. kr. við útreikning á eiginfjárhlutfalli bankans þann 30. júní 2007 og 124 millj. kr. þann 31. desember 2006.

## Veðsettar eignir

19. Bankinn hefur selt sjóðstreymi af hluta af íbúðalánum sínum til Íbúðalánasjóðs, sem hefur yfirtekið alla áhættu tengda viðkomandi útlánum. Munurinn á milli núvirðis útlána frá Íbúðalánasjóði og bókfærðu verði undirliggjandi útlána hefur verið tekjufærður í rekstrarreikning sem hreinar tekjur af sölu fjáreigna metinna á framreiknuðu kostnaðarverði.

| **Eignir og skuldir** | 30.6.2007 | 31.12.2006 |
| --- | --- | --- |
| Sjóðstreymi af útlánum selt til Íbúðalánasjóðs ........ | 6.433.045 | 6.514.149 |

## Tengdir aðilar

20. Tengdir aðilar bankans eru móðurfélag hans, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn bankans, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | 30.6.2007 | 31.12.2006 |
| --- | --- | --- |
| Lán frá móðurfélagi ........ | 47.661.447 | 39.659.900 |
| Lán til framkvæmdastjóra ........ | 0 | 0 |
| Lán til stjórnarmeðlima og félaga tengdum þeim ........ | 17.965 | 1.423 |
| Lán til hlutdeildarfélaga ........ | 392.859 | 285.060 |

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2007.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

## Atburðir eftir lok tímabilsins

21. Engin efnisleg atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem krefjast myndu lagfæringar og breytingar á árshlutareikningi 30. júní 2007.